

## FUNDARGERÐ

Fundur nr. 33 í stjórn Herjólfss ohf., haldinn þriðjudaginn 7. janúar 2020 kl. 17:00

í fundarsal Hótel Vestm.

Mættir voru: Arnar Pétursson, Arndís Bára Ingimarsdóttir, Páll Þór Guðmundsson, Agnes Einarsdóttir, Guðlaugur Friðþórsson, Birna Vído Þórsdóttir, Aníta Jóhannsdóttir og Guðbjartur Ellert Jónsson framkvæmdastjóri sat fund gegnum síma.

Til fundarins var boðað með tölvupósti. Engar athugasemdir bárust varðandi boðunina.

Á dagskrá fundarins voru fjórir dagskrárliðir:

**1. Fyrirhugaður fundur með Vegagerðinni.**

Stjórnarformaður fór yfir atriði sem rædd verða á fyrirhuguðum fundi með Vegagerðinni 10. jan. n.k. Ræða á þjónustusamning, uppgjörsmál, aðgengismál fatlaðra og ýmis önnur mál.

*Niðurstaða: Stjórnin samþykkir að stjórnarformaður og framkvæmdastjóri muni sitja fundinn fyrir hönd félagsins.*

**2. Aðgengi einstaklinga í hjólastól á 5. hæð í nýju skipi.**

Hjörtur Emilsson frá Vegagerðinni kemur inn á fund gegnum síma. Farið var yfir aðgengismál með Hirti. Hann segir skipið byggt samkvæmt alþjóðareglum og farið eftir þeim reglum sem þar gilda. Skipið á að uppfylla öll skilyrði varðandi aðgengi fatlaðra. Hjörtur vísar af fundi.

Stjórn vill gera betur og telur brýnt að bæta aðgengi fólks í hjólastólum í skipinu. Stjórn felur framkvæmdastjóra að fylgja því fast eftir við eiganda skipsins, Vegagerðina og að úr verði bætt eins flótt og auðið er.

*Niðurstaða: Samþykkt samhljóða*

**3. Tilboð í útboð félagsins vegna raforkukaupa.**

Ríkiskaup sá um tilboðsmálin. Tvö tilboð bárust, frá HS Orku og Orkusölnni. Framkvæmdastjóri leggur til að samið verði við lægstbjóðanda sem er HS Orka.

Stórn felur framkvæmdastjóra að semja við lægstbjóðanda.

*Niðurstaða: Samþykkt samhljóða.*

**4. Önnur mál.**

Birna Vído Þórsdóttir vísar af fundi.

Ýmis mál rædd varðandi þjónustu um borð sem alltaf má bæta.  
Stjórn vill enn og aftur þakka starfsfólki um borð og í afgreiðslu fyrir framúrskarandi  
þjónustulund.

Næsti stjórnarfundur er áætlaður þriðjudaginn 28. janúar 2020.

Ekki annað rætt.

Fundi slitið kl. 18:28.

Fundargerð ritaði Agnes Einarsdóttir.